

L ö g

um samþyktir um herpinótaveiði á Eyjafirði og Skagafirði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,

Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,

Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt : Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum Eyjafjardarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu og bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar að gera samþykt um síldveiði með herpinót á Eyjafirði innan línu, er hugsast dregin um Eyjafjörð þveran, beint frá Ripli um nyrðri enda Hríseyjar og til lands að austanverðu fjarðarins.

Sömuleiðis er sýslunefnd Skagafjardarsýslu heimilt að gera samþykt um síldveiði með herpinót á Skagafirði innan beinnar línu milli syðri enda Þórðarhöfða og Ingveldarstaðabæjar á Reykjaströnd.

2. gr.

Þá er sýslunefndunum eða bæjarstjórn Akureyrar þykir þörf á að gera samþykt þá, er 1. gr. ræðir um, eða fá óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum, eða úr Akureyrarkaupstað, og þeim þykir rjett að taka þær óskir til greina, skulu þær semja frumvarp til samþyktarinnar, og kveðja síðan til fundar, með nægum fyrirvara, fyrir svæði það, er samþyktnin á að ná yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi hafa allir þeir, er kosningar-rjett eiga til alþingis á nefndu svæði. Oddvitar sýslunefndanna og bæjarstjórnar boða fundinn, ákveða fundarstað og sjá um fundarstjórn.

3. gr.

Á fundi þeim er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er samið hefir verið samkvæmt 2. gr. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, skal það sent stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $\frac{2}{3}$ atkvæða og sýslunefndirnar og bæjarstjórnin fallast á þær. En vilji þær ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $\frac{2}{3}$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný á því ári.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktnin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

Samþykt, sem gerð er samkvæmt lögum þessum, gildir eigi lengur en 5 ár í senn, en endurnýja má samþyktina fyrir jafnlangan tíma á sama hátt og hún hefir verið sett.

Nr. 56.

10.
nóvbr.

5. gr.

Í samþykkt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir alt að 500 kr., og skal í samþykktinni ákveða, í hvern sjóð eða til hverra sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykkt skal farið sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 57.

10.
nóvbr.

L ö g

um heimild til að veita einkarjett til þess að vinna salt o. fl. úr sjó.

Vjer Christian hinn Tiundi, af guðs náð Danmerkur konungur,

Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,

Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að veita Páli Júlíusi Torfasyni í Reykjavík einkarjett um 30 ár til að vinna salt og fleiri efni úr sjó, hvort heldur með fossafl, gufu-afli eða rafmagni, með þeim skilyrðum, er lög þessi setja.

2. gr.

Heimilt skal einkaleyfishafa, með samþykki stjórnarráðs að framselja einkarjett sinn öðrum manni, eða fjelagi, ef maðurinn eða fjelagið er heimilisfast hjer á landi, enda sje hinn nýi leyfishafi háður skilyrðum þessara laga.

3. gr.

Verði fyrirtæki þetta eigi komið á fót þegar 5 ár eru liðin frá dagsetningeinkaleyfisins, getur ráðherra sagt upp einkaleyfinu með árs fyrirvara.

Nú er fyrirtækið að vísu sett á fót, en ekki rekið samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefinu, og getur ráðherra þá sagt upp einkaleyfinu með sama fyrirvara.

4. gr.

Í einkaleyfisbrjefinu skal stjórnarráðinu áskilinn rjettur til að hafa nauðsynlegt eftirlit með stjórn og rekstri fyrirtækisins á þess kostnað.